

## Fundargerð

Fundur haldinn í stjórn Herjólfs ohf., fimmtudaginn 24. Maí kl. 20:00. Fundurinn var símafundur.

Mætt: Arndís Bára Ingimarsd., Kristín Jóhannsd., Lúðvík Bergvinss., Grímur Gíslas.

Formaður setti fundinn og greindi frá að hann og Lúðvík hafi í dag átt fundi með fulltrúum Hagvangs og Capacent til að skoða möguleika á því að fá slíkt fyrirtæki til að annast auglýsingu og ráðningarferli á framkvæmdastjóra, yfirvélstjóra og skipstjóra. Lúðvík fór síðan í stuttu máli yfir hvernig þeir fundir gengu fyrir sig. Fyrst var fundað með Hagvangi í um 1 klst og síðan Capacent í 1,5 klst. Fór hann yfir að í upphafi dags hafi hugmyndir okkar verið þær að auglýsa sem fyrst eftir framkvæmdastjóra og tímaramminn hafi þá verið að auglýsa í næstu viku og miða við að umsóknafrestur væri 10 dagar. Farið hafi verið yfir það með ráðningarástofunum hvert starfssvið framkvæmdastjóra yrði. Hann þyrfti að annast uppbyggingu nýs fyrirtækis, sjá um að láta hanna nýtt bókunarkerfi, koma að mannaráðningum, eiga samskipti vegna yfirlærislu á rekstri frá Eimskip til Herjólfs ohf., koma að markaðssetningu ofl.

Lúðvík sagði að í samræðum við fulltrúa á þessum ráðningarástofum hafi komið fram að þetta væri spennandi starf en erfitt gæti verið að fá góðan starfsmann með svo litlum fyrirvara því að við værum í raun fallin á tíma. Ekki væri álitlegt að ráða mannesku í hálf starf um tíma og því hafi kvíknað sú hugmynd hvort fýsilegra væri að ráða verkefnastjóra í þetta verkefni til skamms tíma, t.d. 6 mánaða og nýta þá þann tíma til að leita að góðum framkvæmdastjóra til fastráðningar. Það hafi verið mat ráðningarástofana og okkar að með því að ráða verkefnastjóra til skamms tíma þyrfti ekki að gera kröfu um að hann hefði fasta búsetu í Eyjum á þeim tíma enda yrði stærstur hluti þeirrar vinnu sem þyrfti að sinna á höfuðborgarsvæðinu.

Lúðvík sagði að fulltrúi Capacent hafi nefnt nokkur nöfn af góðu og reynslumiklu fólk sem hugsanlega gætu verið tilbúin að taka að sér slíkt verkefni.

Kristín tók undir að þessi leið, með ráðningu verkefnastjóra, gæti verið góð leið og varpaði hún fram nafni á einstaklingi sem hugsanlega gæti haft áhuga á þessu starfi og hefði reynslu sem kæmi að góðum notum í starfinu.

Kristín upplýsti einnig að hún hafi fengið upplýsingar frá aðilum sem að hún er í sambandi við í ferðageiranum utan lands að Eimskip væri að láta það berast að óvissa væri með siglingar milli lands og Eyja í haust og þeir tækju ekki við bókunum. Hún upplýsti að hún hyggðist senda póst á alla þá aðila sem að hún hefur samband við í þessum geira og upplýsa þá um stöðu mála og að þeir mættu frekar vænta þjónustuaukningar en samdráttar með haustinu.

Stjórnarmenn voru sammála um að það væri alvarlegt ef að Eimskip væri að beita á þennan hátt.

Stjórnin samþykkti síðan eftirfarandi:

- A. Að fá ráðningarástofu til að annast ráðningu framkvæmdastjóra/verkefnastjóra, skipstjóra og yfirvélstjóra og að tillögu Lúðvíks og Gríms var ákveðið að fá Capacent til verksins.
- B. Að ráða í upphafi verkefnastjóra til að skipuleggja og koma starfsemi fyrirtækisins á fót. Reiknað er með að verkefnastjóri verði ráðinn til 6 mánaða en undirbúningur að ráðningu framkvæmdastjóra myndi hefjast þegar að ráðningu verkefnastjóra væri lokið.

Var samþykkt að fela Grími og Lúðvík að halda áfram samtali við Capacent með það að markmiði að finna verkefnastjóra sem fyrst.

Fleira ekki bókað og fundi slitið um kl. 20:20.

Fundargerð ritaði Grímur Gísla